



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 17. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILÍÐ 2014 – 2018 10. FUNDUR ÁRSINS

### VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 1. OKTÓBER 2015

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2015, þann 1. október kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 3 mál, erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsagnar um veitingu leyfis til gistingar á Efra-Seli, fundargerð 6. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 28. september s.l. og fundargerð 27. stjórnarfundar skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. frá 28. september s.l. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Lántaka frá Lánasjóði sveitarfélaga.
2. Innanríkisráðuneytið: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.
3. Framtíðarþing um farsæla öldrun á Suðurlandi: Ósk um styrk.
4. Samþykkt fyrir ungmennaráð Hrunamannahrepps.
5. Héraðssambandið Skarphéðinn: Beiðni um styrk vegna heimildarmyndar um Landsmót UMFÍ á sambandssvæðinu.
6. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um byggingarsjóð Landspítala.
7. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um almannatryggingar.
8. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og málefni aldraða.
9. Flóahreppur: Uppsögn samnings milli Flóahrepps og Hrunamannahrepps um launavinnslu.
10. Gjaldskrá í íþróttahús og sundlaug.
11. SASS þing: Kosning fulltrúa.
12. Umhverfis- og samgöngunefnd: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2016.
13. Umhverfis- og samgöngunefnd: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um náttúruvernd.
14. Umhverfis- og samgöngunefnd: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð á miðhálandinu.
15. Umhverfis- og samgöngunefnd: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, 133.
16. Þjóðskrá Íslands: Beiðni um endurskoðun fasteignamats.
17. Forsætisráðuneytið: Eigendastefna fyrir þjóðlendur.
18. Aflið: Beiðni um styrk.
19. Facebook síða Hrunamannahrepps: Endurnýjun samnings.
20. Míla: Ljósveita á Flúðum.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

21. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 7. fundar nefndarinnar frá 30. júlí s.l.
22. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar frá 24. ágúst s.l.
23. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 6. fundar nefndarinnar frá júlí 2015.
24. Veitustjórn: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar frá 29. september s.l.  
-liggur frammi á fundinum-

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

25. Fundargerð 96. fundar Skipulagsnefndar frá 10. september s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 3. september s.l.

- Mál nr. 14: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
26. Fundargerð 97. fundar Skipulagsnefndar frá 28. september s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 16. september s.l.
- Mál nr. 12: Birtingarholt 3: Byggingarleyfi vegna starfsmannahúss.
- Mál nr. 13: Hvammur 1: Stofnun gróðurhúsaloða
- Mál nr. 30: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
- liggur frammi á fundinum-
27. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 26. fundar stjórnar byggðasamlagsins frá 10. september s.l.
28. Ferðamálaráð uppsveitanna: Fundargerð 3. fundar stjórnar frá 16. september s.l.
29. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings: Fundargerð 11. fundar nefndarinnar frá 22. september s.l.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Byggðasamlagið Bergrísinn bs: Fundargerð 15. fundar stjórnar frá 15. september s.l.
- b. SASS: Fundargerð 497. fundar stjórnar SASS frá 4. september s.l.

**Kynningarmál:**

- c. Heimili og skóli: Dekkjakurl
- d. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs: Breytingar á aðalskipulagi vegna Hvammsvegar.
- e. Tæknisvið: Verkfundargerð nr. 8 vegna gatnagerðar á Högnastíg.
- f. NOS: Samningur vegna ytra mats á þjónustu við leik- og grunnskóla í sjö sveitarfélögum í Árnesþingi.
- g. Velferðarráðuneytið: Styrkur frá þróunarsjóði innflytjendamála.
- h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð frá 830. fundi stjórnar frá 11. september s.l.
- i. Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað vegna vinnslu fjárhagsáætlana vegna ára 2016-2019.
- j. Jöfnunarsjóður: Greidd staðgreiðsla 2014 og 2105.
- k. Umhverfisstofnun: Skil á skýrslum vegna refa- og minkaveiða á veiðiárinu 2014/2015.
- l. Tónlistarskóli Árnesinga: Nemendalistar.

**Fundir framundan:**

- m. Fundur með stjórn SASS á Flúðum 2. október n.k.
- n. Fundur með fjárlaganefnd 5. október nk.
- o. SASS þing á Vík í Mýrdal 29-30 október n.k.
- p. Samtök orkusveitarfélaga: Orkufundur 15. okt. nk. á Hótel Laxá í Skútustaðahreppi

**Skýrslur á skrifstofu:**

- q. Árskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2014.
- r. Árskýrsla EBÍ 2014.

**Erindi til sveitarstjórnar:**

1. **Lántaka frá Lánasjóði sveitarfélaga.**  
Oddviti kynnti fyrirhugaða lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 30.000.000 kr. til 19 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna stækkun íþróttahúss og gatnagerð, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt: 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrir máli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.
2. **Innanríkisráðuneytið: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður greiði til sveitarfélaganna sérstakt framlag af sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki árin 2015-2017.

- Sveitarstjórn fagnar því að tekið sé tillit til sjónarmiða sveitarfélaga um breikkun tekjustofna þeirra og sanngjarnari skiptingu tekna milli ríkis og sveitarfélaga.
3. **Framtíðarþing um farsæla öldrun á Suðurlandi: Ósk um styrk.**  
Oddviti kynnti beiðni um styrk vegna fyrirhugaðs framtíðarþings um farsæla öldrun á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 25.000.
  4. **Samþykkt fyrir ungmennaráð Hrunamannahrepps.**  
Oddviti kynnti samþykktir fyrir ungmennaráð Hrunamannahrepps til seinni umræðu. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að samþykktum fyrir ungmennaráð Hrunamannahrepps með þeim breytingum sem samþykktar voru á fundinum. Samþykktirnar taka gildi frá 1. október.
  5. **Héraðssambandið Skarphéðinn: Beiðni um styrk vegna heimildarmyndar um Landsmót UMFÍ á sambandssvæðinu.**  
Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Héraðssambandinu Skarphéðni vegna gerðar heimildarmyndar um þau landsmót sem haldin hafa verið á starfssvæði HSK. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið með þeim hætti að kaupa fimm diska með heimildarmyndinni, samtals að fjárhæð kr. 30.000.
  6. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um byggingarsjóð Landspítala.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um byggingarsjóð Landspítalans.
  7. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um almannatryggingar.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um almannatryggingar.
  8. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og málefni aldraðra.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og málefni aldraðra.
  9. **Flóahreppur: Uppsögn samnings milli Flóahrepps og Hrunamannahrepps um launavinnslu.**  
Oddviti kynntir bréf frá Flóahreppi þar sem samningi um launavinnslu er sagt upp frá og með næstu áramótum. Sveitarstjórn þakkar Flóahreppi fyrir góða samvinnu um þessa starfssemi.
  10. **Gjaldskrá í íþróttahús og sundlaug.**  
Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús. Þar er gert ráð fyrir að stök gjöld hækki um 8,4%, kort fyrir fullorðna um 4% en kort fyrir börn hækka ekki. Jafnframt var samþykkt að hægt sé að nota sömu miða í sundlaug, tækjasal og íþróttasal. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna sem tekur gildi 1. október 2015. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að breyta opnunartíma sundlaugarinnar á Flúðum um helgar þannig að hún verði opin frá 13-18 nema um sumartímann.
  11. **SASS þing: Kosning fulltrúa.**  
Árþing SASS verður haldið í Vík í Mýrdal 29. og 30. október nk. Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á árþingi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir og Bjarney Vignisdóttir en til vara Unnsteinn Logi Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson og Erla Björg Arnardóttir. Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri og til vara Ragnar Magnússon.
  12. **Umhverfis- og samgöngunefnd: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2016.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu.
  13. **Umhverfis- og samgöngunefnd: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um náttúruvernd.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um náttúruvernd. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps telur nauðsynlegt að skoða ákvæði 22. og 23 gr. laga um náttúruvernd með það í huga að miklar breytingar hafa átt sér stað á ferðamáta ferðamanna. Dregið hefur úr hefðbundinni tjaldferðamennsku og um leið orðið gífurleg aukning í notkun húsbíla og annarra bíla (Campers). Slíkum bílum er lagt að eigin geðpóttu utan skipulagðra tjaldsvæða með tilheyrandi sóðaskap. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að taka á þessu vandamáli og að

- reglur verði hertar eða úrræði sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar og landeiganda aukin til að banna lagningu slíkra ökutækja eða tjalðgesta.
14. **Umhverfis- og samgöngunefnd: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð á miðhálandinu.**  
Oddviti kynnti tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð á miðhálandinu.
  15. **Umhverfis- og samgöngunefnd: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.**  
Oddviti kynnti frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
  16. **Þjóðskrá Íslands: Beiðni um endurskoðun fasteignamats.**  
Varaoddviti kynnti umsagnarbeiðni um endurskoðun fasteignamats vegna íbúðarhúss í Birtingaholti 1. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við beiðni um endurskoðun matsins til hækkunar. Ragnar víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
  17. **Forsætisráðuneytið: Eigendastefna fyrir þjóðlendur.**  
Oddviti kynnti drög frá Forsætisráðuneytinu um hvernig þeir hyggjast vinna að eigendastefnu fyrir þjóðlendur og er óskað eftir ábendingum vegna þeirrar vinnu. Sveitarstjórn beinir því til ráðuneytisins að slík stefna verði ekki unnin eða samþykkt nema með samstarfi og samþykki sveitarfélaga sem eiga aðild að þjóðlendu.
  18. **Aflið: Beiðni um styrk.**  
Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Aflinu á Norðurlandi. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
  19. **Facebook síða Hrunamannahrepps: Endurnýjun samnings.**  
Oddviti kynnti endurnýjun á samningi við Daða Geir Samúelsson vegna facebook síðu Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
  20. **Míla: Ljósveita á Flúðum.**  
Oddviti kynnti samskipti við Mílu þar sem verið er að fara yfir af hverju ekki er búið að tengja norðurbæ Flúða við ljósveitu Mílu. Sveitarstjórn krefst þess að Míla klári án frekari tafa tengingu ljósleiðara við símskáp í Smiðjustíg á Flúðum og komi upp búnaði til að koma ljósnetinu á þessu svæði enda var ljósleiðari Mílu kominn að götuskápnnum fyrir hálfu ári síðan.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

21. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 7. fundar nefndarinnar frá 30. júlí s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar landbúnaðarnefndar. Þar var raðað í leitir o.fl. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
22. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar frá 24. ágúst s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar landbúnaðarnefndar þar sem fjallað er um fjallskilamál og réttir. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
23. **Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 6. fundar nefndarinnar frá júlí 2015.**  
Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar ferða- og menningarnefndar þar sem fjallað var um Uppskeruhátíð Hrunamanna. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
24. **Veitustjórn: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar frá 29. september s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar veitustjórnar. Þar var fjallað um 8 mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða, bréf vegna tengigjalda í sumarhúshverfi á Galtarflöt, Kópsvatnsholuna, endurnýjun á skotbómulyftara, skattamál Hitaveitu Flúða, styrktarsamning við UMFH og auglýsingu í íþróttahús og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:**

25. **Fundargerð 96. fundar Skipulagsnefndar frá 10. september s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 3. september s.l.** Oddviti kynnti fundargerð 96. fundar Skipulagsnefndar frá 3. sept. s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 3. sept. s.l.  
**Mál nr. 14: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**  
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. september s.l.

26. **Fundargerð 97. fundar Skipulagsnefndar frá 28. september s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 16. september s.l.** Oddviti kynnti fundargerð 97. fundar Skipulagsnefndar frá 28. sept. s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 3. sept. s.l. Afgreiðsla einstakra mála er varða Hrunamannahrepp er eftirfarandi: **Mál nr. 12: Birtingarholt 3: Byggingarleyfi vegna starfsmannahúss.** Lögð fram umsókn um að byggja 40m<sup>2</sup> starfsmannahús á jörðinni Birtingarholti 3. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að byggt verði starfsmannahús í samræmi við umsóknina og að ekki sé talin þörf á grenndarkynningu. Samþykkt að vísa málinu til afgreiðslu byggingafulltrúa. **Mál nr. 13: Hvammur 1: Stofnun gróðurhúsaloða.** Lögð fram umsókn um stofnun tveggja lóða úr landi Hvamms 1 utan um sitt hvort gróðurhúsið en skv. lóðablöðum eru lóðirnar 1.054 og 1.762m<sup>2</sup>. Gert er ráð fyrir að önnur lóðin komi til stækkunar á íbúðarhúsaloð á jörðinni. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um stofnun lóðanna eða við landsskipti skv.13. gr. jarðalaga **Mál nr. 30: Afgreiðslur byggingafulltrúa.** Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 28. september s.l.
27. **Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 26. fundar stjórnar byggðasamlagsins frá 10. september s.l.** Oddviti lagði fram fundargerð 26. fundar stjórnar byggðasamlagsins. Þar var fjallað um greiningu og úttekt á starfsseminni. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
28. **Ferðamálaráð uppsveitanna: Fundargerð 3. fundar stjórnar frá 16. september s.l.** Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar ferðamálaráðs uppsveitanna. Þar fjallað um nýliðið sumar, viðburði ársins, uppsveitahringinn 2015/2016, N4 verkefnið, atvinnu- og ferðamálanefndir, hausthitting ferðarþjónustuaðila og önnur mál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
29. **Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 11. fundar nefndarinnar frá 22. september s.l.** Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshvíls. Þar voru lagðar fram tölulegar upplýsingar Velferðarþjónustunnar 2014, lögð var fram fjárhagsáætlun 2015, lagt fram 8 mánaða uppgjör, lögð fram skýrsla um könnun á líðan og heilbrigði nemenda í 5. bekk í grunnskólum Árneshvíls 2015 og farið var yfir stöðu Art verkefnisins og trúnaðarmál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

#### **Önnur mál:**

30. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni.** Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi íbúðarhúss að Efra-Seli. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti en óskar eftir afriti af rekstrarleyfi þegar það er gefið út. Unnsteinn víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
31. **Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 27. fundar stjórnar byggðasamlagsins frá 28. september s.l.** Oddviti lagði fram fundargerð 27. fundar stjórnar byggðasamlagsins. Þar var fjallað um ráðningu aðila til greiningu og úttekt á starfsseminni. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.
32. **Skólanefnd: Fundargerð 5. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 28. september s.l.** Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar skólanefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu skólustjóra, starfsáætlun og skóladagatal 2015-2016, umbótaáætlun vegna ytra mats á leikskólanum, skipan í foreldraráð og starfsmannastefnu. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. **Byggðasamlagið Bergisinn bs: Fundargerð 15. fundar stjórnar frá 15. september s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. **SASS: Fundargerð 497. fundar stjórnar SASS frá 4. september s.l.** Lagt fram til kynningar.

### **Kynningarmál:**

- c. **Heimili og skóli: Dekkjakurl.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs: Breytingar á aðalskipulagi vegna Hvammsvegjar.** Lagt fram til kynningar
- e. **Tæknisvið: Verkfundargerð nr. 8 vegna gatnagerðar á Högnastíg.** Lagt fram til kynningar.
- f. **NOS: Samningur vegna ytra mats á þjónustu við leik- og grunnskóla í sjö sveitarfélögum í Arnesþingi.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Velferðarráðuneytið: Styrkur frá þróunarsjóði innflytjendamála.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð frá 830. fundi stjórnar frá 11. september s.l.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Minnisblað vegna vinnslu fjárhagsáætlana vegna áraanna 2016-2019.** Lagt fram til kynningar
- j. **Jöfnunarsjóður: Greidd staðgreiðsla 2014 og 2105.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Umhverfisstofnun: Skil á skýrslum vegna refa- og minkaveiða á veiðiárinu 2014/2015.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Tónlistarskóli Arnesinga: Nemendalistar.** Lagt fram til kynningar.

### **Fundir framundan:**

- m. **Fundur með stjórn SASS á Flúðum 2. október n.k.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Fundur með fjárlaganefnd 5. október nk.** Lagt fram til kynningar.
- o. **SASS þing á Vík í Mýrdal 29-30 október n.k.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Samtök orkusveitarfélaga: Orkufundur 15. okt. nk. á Hótel Laxá í Skútustaðahreppi.** Lagt fram til kynningar.

### **Skýrslur á skrifstofu:**

- q. **Árskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2014.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Áskýrsla EBÍ 2014.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:55.